

Mánudaginn 9. júní 1997.

Nr. 233/1997. **Agasøster Båtservice Shipping A/S**

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Djúpmynd ehf.

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 15. maí 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um skýrslutökur af tveimur nafngreindum vitnum í máli hans á hendur varnaraðila, sem rekið er samkvæmt 13. kafla laga nr. 90/1989 um aðför vegna beiðni sóknaraðila um innsetningargerð hjá varnaraðila. Um kæruheimild vísar sóknaraðili aðallega til b-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en til vara til 3. mgr. sömu greinar. Krefst sóknaraðili þess, að heimilað verði að taka umbeðnar skýrslur af vitnum.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Fyrirgreint mál sóknaraðila á hendur varnaraðila var tekið fyrir á dómþingi 15. maí 1997 til aðalmeðferðar. Í þinghaldi 9. sama mánaðar hafði gagnaöflun verið lýst lokið og aðalmeðferð ákveðin fyrir nefndan dag, án þess að óskir kæmu fram um skýrslutökur. Við upphaf þinghaldsins 15. maí óskaði sóknaraðili hins vegar eftir því, að skýrslur yrðu teknar af tveimur nafngreindum vitnum. Varnaraðili mótmælti því, og leiddi dómari ágreining þennan til lykta með ákvörðun, svo sem rétt var samkvæmt 1. mgr. 112. gr., sbr. 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991, sem hér eiga við eftir 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991, geta ákvarðanir héraðsdóms um atriði varðandi rekstur máls aldrei sætt kæru til Hæstaréttar, heldur einvörðungu vissir úrskurðir um slík efni, sem eru tæmandi talin í ákvæðum þessum. Í málinu kærir

sóknaraðili ekki héraðsdómara til áminningar eða sektar, og verður kára því engan veginn reist á ákvæði 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Um kærueimild er því ekki að ræða, og verður málinu vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Það athugast, að kára þessi er ástæðulaus.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
